

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 137/373**  
**komudagur 24.6.2009**

**KJARARÁÐ**

Efnahags- og skattanefnd  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mál nr. 09060002  
Reykjavík, 24. júní 2009

**Erindi:**

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum kjararáð og fleiri lögum,  
114. mál**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum hefur borist kjararáði til umsagnar, sbr. bréf efnahags- og skattanefndar dagsett 19. júní 2009. Kjararáð tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins að öðru leyti en því að bent skal á að samkvæmt 6. gr. frumvarpsins virðist gert ráð fyrir að ráðið eigi að kveða á um rétt bankastjóra Seðlabanka Íslands til biðlauna og eftirlauna. Slíkt fyrirkomulag samræmist ekki því sem gildir um rétt annarra embættismanna, sem undir ráðið heyra, til biðlauna og eftirlauna, en um hann fer eftir almennum lögum, en ekki ákvörðun kjararáðs.

Virðingarfyllst,  
f.h. kjararáðs



Jónas Þór Guðmundsson  
varaformaður